

From: SambandPostur <samband@samband.is>
Sent: miðvikudagur, 6. febrúar 2019 12:10
Subject: Drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða

Sent á framkvæmdastjóra sveitarfélaga að beiðni lögfræði- og velferðarsviðs

Athygli er vakin á [drögum að reglum um sérkröfur til skólabifreiða](#) sem nú eru til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda.

Í drögunum koma m.a. fram kröfur til merkinga skólabifreiða og um öryggisbúnað á borð við 3ja punkta öryggisbelti, upphækkunarsessur, sjúkrakassa og slökkvibúnað. Þá er gerð sú krafa að bifreið sem notuð er til flutnings skólabarna gangist árlega undir aðalskoðun, jafnvel þó um fólksbifreið sé að ræða, enda er ökutækið þá notað í atvinnuskyni til farþegaflutninga líkt og leigubifreið eða eðalvagn, en slíkar bifreiðar skal færa árlega til aðalskoðunar. Krafa um leyfisskoðun skólabifreiða helst óbreytt og skal hún fara fram árlega líkt og aðrar leyfisskoðanir.

Rétt er að benda einnig á, að einnig er gerð krafa um, að skólabifreið sé ekki skráð fyrir standandi farþega og eru slíkar bifreiðar þannig útilokaðar frá notkun sem skólabifreiðar. Þetta er lagt til þar sem flestar hópibifreiðar sem skráðar eru með standandi farþega eru ekki búnar öryggisbeltum í sætum. Með þessu er leitast eftir því að hvert barn sem ferðast með skólabifreið eigi sitt sæti búið viðeigandi öryggisbúnaði.

Umsagnarfrestur er 22. febrúar nk.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur, er með umsögn í undirbúningi af hálfu sambandsins. Tekur Vigdís fúslega við ábendingum og tillögum vegna málsins á vigdis.osk.hasler.sveinsdottir@samband.is.



Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða

Mál nr. S-37/2019 Stofnað: 01.02.2019

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
- Annað
- Málefnasvið:
- Samgöngu- og fjarskiptamál

Samráð stendur yfir

Umsagnarfrestur er 01.02.2019 - 22.02.2019. Umsagnir eru birtar jafnóðum og þær berast. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

[Senda inn umsögn](#)

Málsefni

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birtir til umsagnar drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 er Samgöngustofu heimilt að gera sérkröfur vegna bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabifreiða. Slíkar kröfur skulu svo staðfestar af ráðherra samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laganna.

Umboðsmaður barna sendi þann 25. júní sl. áskorun til Samgöngustofu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um að nýta framangreinda heimild. Í kjölfarið samdi Samgöngustofa drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða sem ráðuneytið birtir hér í opnu samráði til umsagnar.

Í drögunum koma m.a. fram kröfur til merkinga skólabifreiða og um öryggisbúnað á borð við 3ja punkta öryggisbelti, upphækkunarsessur, sjúkrakassa og slökkvibúnað. Þá er gerð sú krafa að bifreið sem notuð er til flutnings skólabarna gangist árlega undir aðalskoðun, jafnvel þó um fólksbifreið sé að ræða, enda er ökutækið þá notað í atvinnuskyni til farþegaflutninga líkt og leigubifreið eða eðalvagn, en slíkar bifreiðar skal færa árlega til aðalskoðunar. Krafa um leyfisskoðun skólabifreiða helst óbreytt og skal hún fara fram árlega líkt og aðrar leyfisskoðanir.

Þá er gert ráð fyrir að reglurnar felli úr gildi reglur um merki á skólabifreiðum nr. 279/1989 með síðari breytingum.

Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt drögnum er gerð krafa um að skólabifreið sé ekki skráð fyrir standandi farþega. Slíkar bifreiðar eru þannig útilokaðar frá notkun sem skólabifreiðar. Þetta er lagt til þar sem flestar hóp bifreiðar sem skráðar eru með standandi farþega eru ekki búnar öryggisbeltum í sætum. Með þessu er því leitast eftir því að hvert barn sem ferðast með skólabifreið eigi sitt sæti búið viðeigandi öryggisbúnaði.

Í drögnum er að finna heimild til handa Samgöngustofu til að veita undanþágu frá skilyrðum um 3ja punkta öryggisbelti fyrir hóp bifreið í undirflokki III eða B sem fengið hefur leyfisskoðun sem skólabifreið fyrir gildistöku reglnanna, sé bifreiðin búið 2ja punkta beltum. Slíkar undanþágur má þó ekki veita eftir 31. desember 2020.

Opið verður fyrir umsagnir til 22. febrúar nk.